

# Náttúruskóli Reykjavíkur á grænni grein

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur .....	2
3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur .....	3
4. Markmið og áætlun um aðgerðir .....	3
5. Eftirlit og endurmat .....	3
6. Fræðsla .....	3
7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur .....	4
8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur.....	4
Fylgiskjöl .....	5
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir umhverfisnefndar Náttúruskólans frá mars 2011 til febrúar 2012.....	5
Fylgiskjal 2 – Gátlisti Náttúruskólans útfylltur í desember 2011. ....	10
Fylgiskjal 3 – Sýnishorn af heimasvæði verkefnisins á vef Náttúruskólans. ....	12
Fylgiskjal 4 – Kafli úr Ársskýrslu Náttúruskóla Reykjavíkur 2011. ....	13

## 1. Inngangur

Náttúruskóli Reykjavíkur var stofnaður sem samstarfs- og þróunarverkefni umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landverndar í ágúst 2005. Markmið skólans hefur frá upphafi verið tvíþætt:

- 1) Að efla útikennslu í grunn- og leikskólum borgarinnar og
- 2) Að skapa vettvang fyrir heilsteypt umhverfisstarf í skólum í anda umhverfisstefnu borgarinnar.

Frá upphafi hefur það verið markmið Náttúruskóla Reykjavíkur að starf hans sé í anda góðrar umgengni við náttúru og umhverfi og taki mið að umhverfisstefnu Umhverfis- og samgöngusviðs en skólinn komst formlega á græna grein í febrúar 2009. Skólinn fékk afhentann sinn fyrsta *grænfána* í júní 2011.

Starf skólans felst aðallega í fræðslu til kennara, skólastjórnenda, leiðbeinenda og annars starfsfólks skólanna og fer fram á námskeiðum á vegum Náttúruskólans, námskeiðum á starfsdögum skólanna, á kynningum og fundum, með ráðgjöf og handleiðslu.

Starfi Náttúruskóla Reykjavíkur er stýrt af verkefnisstjórn skólans í samstarfi við verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum umhverfis- og samgöngusviðs, skóla- og frístundasviðs, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Landverndar en faglegt starf skólans er á ábyrgð verkefnisstjóra. Verkefnisstjórnin fundar að jafnaði 10 sinnum á ári.

## 2. Umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur

Nemendahópur Náttúruskólans er afar fjölbreyttur. Þátttakendur á námskeiðum koma úr allflestum leik- og grunnskólum borgarinnar en einnig frá öðrum stofnunum borgarinnar, félagasamtökum og víðar. Umhverfisnefnd Náttúruskólans er skipuð til eins árs í senn og sitja í henni fulltrúar þeirra ólíku hópa sem sækja þjónustu til Náttúruskólans. Óskað var eftir sjálfboðaliðum vorið 2010 til að sitja í nefndinni skólaárið 2010-2011 en vorið 2011 var sú ákvörðun tekin af umhverfisnefndinni að opna þátttöku í henni öllum þeim sem hefðu áhuga á umhverfisstarfi Náttúruskólans. Var send tilkynning þess eðlis um leið og boðið var til móttöku af tilefni þess að fyrsti *grænfáni* Náttúruskólans var dreginn að húni. Að því tilefni var haldinn óformlegur fundur umhverfisnefndarinnar með þeim úr hópi viðstaddra sem sýndu áhuga á starfi nefndarinnar. Þegar starfið fór af stað að loknu sumarfríi hafði þó helts úr lestinni.

Eftirfarandi skipa umhverfisnefnd Náttúruskóla Reykjavíkur, skólaárið 2011-2012:

- J. Aðalheiður Vilhjálmsdóttir, Garðaborg
- Jónína Guðný Bjarnadóttir, Hálsakot
- Hafdís Ragnarsdóttir, Foldaskóli
- Jóhanna Höskuldsdóttir, Engjaskóli
- Hildur Arna Gunnarsdóttir, Grasagarður Reykjavíkur
- Karen Pálsdóttir, umhverfis- og þróunarfulltrúi
- Þórólfur Jónsson, Umhverfis- og samgöngusvið
- Helena Óladóttir, verkefnisstjóri Náttúruskóla Reykjavíkur

Á haustdögum dróst allnokkuð að nefndin kæmi saman og var fyrsti fundur nefndarinnar haldinn 7. nóvember. Haldnir hafa verið þrjár fundir á tímabilinu ágúst 2011 til mars 2012 (tveimur færri en fyrra skólaár). Fyrirhugaðir eru þrjár fundir á vori 2012 (þ.e. eftir ritun greinargerðar þessarar). Alls er því um að ræða sex fundi nefndarinnar sem dreifast yfir skólaárið.

Sem fyrr flyst fundarstjórn á milli meðlima nefndarinnar og fundarstaðurinn sömuleiðis. Þannig fá allir tækifæri til að hafa áhrif á fyrirkomulag fundanna auk þess sem meðlimir nefndarinnar fá tækifæri til að skyggjast inn í aðra skóla og vinnustaði. Með þessu móti hefur verið reynt að draga úr vægi verkefnisstjóra Náttúruskólans en eins og gefur að skilja lendur mikið af verkefnum nefndarinnar á hans herðum. Að sama skapi er hver fundargerð með sínu sniði og ekki á stöðluðu formi.

Meðfylgjandi eru fundargerðir nefndarinnar frá því í mars 2011 til febrúar 2012, sjá [fylgiskjal 1](#). Minna má á að allar samþykktar fundargerðir nefndarinnar er að finna á vef Náttúruskólans. Ekki var rituð fundargerð á óformlegum nefndarfundi í júní (sbr. hér að ofan).

Helstu viðfangsefni fundanna voru eftirtalin:

- Gátlisti – umræður um gátlista verkefnisins, gagnrýni á innihald hans og aðlögun að starfi Náttúruskólans. Sjá [3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur](#).
- Markmið skólaársins (vormisseris), þemu valin og rædd, endurmat og eftirlit. Sjá [4. Markmið og áætlun um aðgerðir](#) og [5. Eftirlit og endurmat](#).
- Fræðsla á vegum Náttúruskólans. Sjá nánar [6. Fræðsla](#).

- Umhverfisstefna Náttúruskólans – kynning, fræðsla, heimasíðumál. Sjá [7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur](#) og [8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur](#).

### 3. Mat á stöðu umhverfismála í Náttúruskóla Reykjavíkur

Skólaárið 2010-2011 vann umhverfisnefndin ötullega að því að endurskoða gátlista verkefnisins. Á því góða starfi byggir umhverfisnefndin vinnu sína í vetur. Litlar athugasemdir voru gerðar við gátlistann fyrir yfirstandandi skólaár. Lagt var til að í kaflanum *Kynning og menntun* væri bætt við „Áhersla er lögð á að fræðsla á vegum Náttúruskólans taki mið af áherslum í umhverfisstefnu (grænfánastarfi)“. Gátlistinn var til umræðu á fundum nefndarinnar í nóvember og desember. Á grunni þeirrar umræðu voru teknar ákvarðanir um framhaldið. Útfylltur gátlisti fylgir greinargerð þessari, sjá [fylgiskjal 2](#).

### 4. Markmið og áætlun um aðgerðir

Á grundvelli niðurstaðna gátlistans var tekin ákvörðun á fundi umhverfisnefndar í nóvember 2011 að leggja skyldi áherslu á *lýðheilsu* árið 2012. Útinám, eitt helsta markmið Náttúruskólans, er ein leið til að efla lýðheilsu og markmið ársins er að vekja athygli á samlegðaráhrifum þess að efla útinám og heilbrigði í skólanum. Ákveðið var að fræðsla á vegum Náttúruskólans tæki mið af þemanu og lagði umhverfisnefndin fram ýmsar hugmyndir til þess. Á vormisseri verða hugmyndirnar útfærðar.

### 5. Eftirlit og endurmat

Fundur umhverfisnefndar veita starfsemi Náttúruskólans mikið aðhald. Þar fer fram umræða um hvernig umhverfismálin eru höfð að leiðarljósi í starfi skólans auk þess sem nefndin leggur fram ýmsar hugmyndir um úrbætur. Verkefnisstjóri Náttúruskólans upplýsir nefndina jafnharðan um stöðu mála. Auk þess er grænfánastarfið til umræðu í verkefnisstjórn Náttúruskólans sem fundar að jafnaði á 4ra vikna fresti.

Árið 2011 var fyrirhugað að meðlimir umhverfisnefndarinnar væru viðstaddir námskeið á vegum Náttúruskólans með það fyrir augum að meta hvernig fræðslan félli að þeim umhverfismarkmiðum sem ákveðin hafa verið. Slíkt var þó ekki verið gerlegt en nú í vor verður fulltrúi umhverfisnefndar viðstaddur fræðslu á vegum Náttúruskólans. Hann mun gera úttekt á hvernig áherslum Náttúruskólans í umhverfismálum er komið á framfæri og hvernig fræðslunni er háttað m.t.t. þeirra.

### 6. Fræðsla

Fræðsla er hryggjarstykkið í starfsemi Náttúruskólans. Öll fræðsla á vegum skólans fjallar á einn eða annan hátt um menntun til sjálfbærni sem sameingar áherslur útináms, umhverfismenntar og mannlegrar velferðar.

Á öllum námskeiðum síðasta árs var vakin athygli á markmiðum grænfánastarfsins, þ.e. áherslu á vistvænar samgöngur. Áfram verður haldið á sömu braut og athyglinni beint að þætti lýðheilsu í útinámi til viðbótar áherslunni á vistvænar samgöngur.

Umhverfisnefnd náttúruskólans lagði til ýmsar leiðir til að flétta saman fræðslu um umhverfismál og lýðheilsu og eitt skrefið í þeirri viðleitni var að leita eftir samstarfi við Lýðheilsustöð. Slíkt hefur þegar verið gert og mun væntanlega bera ávöxt á haustdögum.

Ýmsir dagar á árinu verða einnig nýttir sérstaklega til að vekja athygli á þessum tveimur viðfangsefnum, sá næsti er dagur vatns 22. mars nk.

## 7. Kynning á umhverfisstefnu Náttúruskóla Reykjavíkur

Á heimasíðu Náttúruskólans er að finna upplýsingar um umhverfisstefnu Náttúruskólans. Sérstakt svæði á síðunni er helgað grænfánastarfinu og þar birtast samþykktar fundargerðir auk annarra upplýsinga er varða starfið, sjá [fylgiskjal 3](#).

Einnig hefur áhersla verið lögð á að upplýsa þátttakendur betur um umhverfisáherslur Náttúruskólans, annars vegar með því að birta tengil á umhverfisstefnu skólans í upplýsingapósti og hins vegar með því að kynna markmið skólans í umhverfismálum í upphafi hvers námskeiðs sem Náttúruskólinn stendur fyrir.

Að auki hefur verkefnisstjóri Náttúruskólans lagt sig fram við að vekja athygli samstarfsaðila á ferlinu, þ.e. að skólinn sé á grænni grein, og benda öðrum á gagnsemi þess og samfellu þegar skólar á annað borð beina sjónum sínum að útikennslu og/eða umhverfismennt.

Í Ársskýrslu Náttúruskólans er einnig fjallað um grænfánastarfið, [sjá fylgiskjal 4](#).

## 8. Umhverfissáttmáli Náttúruskóla Reykjavíkur

Umhverfissáttmáli Náttúruskólans var til endurskoðunar fyrir fund nefndarinnar 6. febrúar sl. Að ákvörðun nefndarinnar er sáttmálinn óbreyttur.

Náttúruskóli Reykjavíkur er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt.

Markmið starfseminnar er að fræða og hvetja til góðra verka í umhverfismálum.

Náttúruskólinn endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og er fyrirmynd í umhverfismálum.

# Fylgiskjöl

## Fylgiskjal 1 – Fundargerðir umhverfisnefndar Náttúruskólans frá mars 2011 til febrúar 2012.

### Umhverfisnefnd Náttúruskólans

Fundur í Hálsakoti mánudaginn 7. mars kl. 15:30

Mættir voru: Helena, Hildur, Alla, Jónína (fundarstjóri), Jóhanna (fundarritari) og Þórólfur (kom um kl. 16).

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda
2. Vormisseri - samgönguáhersla
3. Umsókn um græn fána
4. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt. Það kom í ljós að fundargerð þarsíðasta fundar hafði verið yfirfarin og samþykkt á síðasta fundi.

2. Námskeið vormisseris eru 6 talsins, þar á meðal hefur Helena fengið Sesselju Traustadóttur til að halda hjólaferlinámskeið þann 4. maí n.k. Á Borgarvefsjá má sjá hjólastíga borgarinnar en einnig er Hjólavefsjá í smíðum þar sem hægt verður að reikna út tímalengd hjólaferða. Þetta tengist verkefninu „Hjólað í vinnuna“ og samgöngustefnu Náttúruskólans.

Námskeiðin verða auglýst með upplýsingum um strætósamgöngur til og frá námskeiðsstað.

Nýtt verkefni sem nefnist Grænn apríl hefur farið í gang en það er hópur áhugafólks um umhverfisvernd sem stendur að því, í apríl er einnig „Dagur jarðar“ þann 22. apríl og „Umhverfisdagurinn“ 25. apríl.

3. Helena hefur útbúið umsókn um Græn fána sem fundarmenn lásu yfir og komu með athugasemdir þar sem það átti við. Úttektarmánuður verður að öllum líkindum í apríl/maí. Þá komu upp vangaveltur hvar ætti að flagga þar sem Náttúruskólinn hefur enga fasta starfsstöð. Fundarmenn voru sammála um að Grasagarðurinn væri heppilegasti staðurinn.

Náttúruskólinn hefur verið að vinna með samgöngumál ásamt fleiru nú í vetur og var það sett í umsóknina. Meginmarkmið skólans hafa verið:

- útikennsla
- umhverfismál
- umhugsun um samgöngumál
- úrgangsmál
- að endurskoða gáttistann miðað við starfsemi Náttúruskólans.

Greinargerð með umsókn lesin yfir og rædd.

Umhverfissáttmáli Náttúruskólans (umhverfisstefna)

- Náttúruskólinn er miðstöð þekkingar og upplýsinga um útinám og umhverfismennt
- Markmið starfseminnar er að fræða og hvetja til góðra verka í umhverfismálum
- Náttúruskólinn endurspeglar hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og er fyrirmynd í umhverfismálum

4. Önnur mál. Umhverfisvænir innkaupapokar frá Envirobox ([www.disir.is](http://www.disir.is)) sýndir og plastpakanotkun rædd lauslega.

Næsti fundur settur í Engjaskóla (stofu 7) mánudaginn 4. apríl kl. 15:30.

Fundi slitið kl. 16:50.

Jóhanna Höskuldsdóttir, fundarritari.

## Umhverfisnefnd Náttúruskólans

Fundur haldinn í Engjaskóla þann 4. apríl 2011 kl. 15:30.

Mætt voru: Jóhanna (fundarstjóri), Helena (fundarritari), Hafdís og Jónína. Alla, Hildur Arna og Þórólfur boðuðu forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar var rædd og samþykkt.
2. Umsóknarferlið fyrir fyrsta *Grænfánann*  
Umsókn ásamt greinargerð var send 16. mars til Landverndar sem hefur staðfest móttöku hennar. Helena lagði fram próförk að stundatöflu Náttúruskólans fyrir vormisserið og gerði tillögu að úttekt á einhverri af eftirfarandi dögum þegar námskeið eru á vegum Náttúruskólans:
  - i. *Útikennsla – lykill að menntun til sjálfbærrar þróunar 5. maí kl. 15-17*
  - ii. *Skógarleiðangur 10. maí kl. 9:30-11:30*
  - iii. *Leiðarhnoða leikskólanna 18. maí kl. 9:30-11:30*
  - iv. *Heimilisfræði með 9 ára nemendum Ísaksskóla, dagsetning í maí ekki ljós*Afhending *Grænfánans* gæti farið fram á síðasta námskeiði vormisserisins. Fyrirhugað er að breyta dagsetningu þess í 14. júní sem hentar meðlimum umhverfisnefndar betur.
3. Eigið mat á frammistöðu
  - a. Helena útbýr gátlista sem hægt er að leggja fyrir þátttakendur á námskeiðum vormisseris til að kanna með hvaða hætti þeir koma til námskeiðanna. (*Samgöngumarkmið*)  
Best væri ef meðlimir umhverfisnefndarinnar gætu séð um þennan þátt í lok námskeiðanna. Jóhanna og Hafdís hyggjast sækja námskeið á vormisserinu og bjóðast til að taka þetta að sér á þeim námskeiðum sem þær sækja.
  - b. Einnig var rætt hvernig hægt væri að meta flokkun á úrgangi sem verður til í Heiðmörk. (*Úrgangur – rusl*)
  - c. Jóhanna benti á að fyrirhugað samstarf Náttúruskólans við Gufunes (Grafarvog) gæti verið grunnur að næsta markmiði grænfánastarfsins. (*Áttthagar*)
4. Umhverfisnefnd næsta skólaárs  
Velt var vöngum yfir samfellu í starfi umhverfisnefndarinnar og hvernig þátttaka í starfi hennar getur endurspeglad áherslur *Grænfánans*.  
Hafdís lagði til að bjóða öllum þeim, sem áhuga hafa á umhverfisnefndarstarfinu, að taka þátt næsta skólaár. Aðrir fundargestir tóku undir þessa hugmynd og ákveðið var að bjóða þeim, sem áhuga hafa á umhverfismálum í Náttúruskólanum, til að koma á fánaafhendinguna. Í kjölfar hennar væri hægt að setjast niður, umhverfisnefnd ásamt öðrum áhugasömum, og ræða starfið framundan (skólaárið 2011-2012). Í ágúst væri fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar og fram að því gæfist tími til að velta fyrir sér mögulegri þátttöku í umhverfisnefnd Náttúruskólans næsta skólaár.
5. Næsti fundur verður haldinn í mailök, áður en að afhendingu kemur, til að fara yfir mat og mögulegar athugasemdir. Stefnt er að því að fundurinn verði í Grasagarði Reykjavíkur og þá hægt að ræða um fyrirkomulag afhendingarinnar. Helena boðar fundinn.

Fundi slitið kl. 16:50

Helena Óladóttir tók saman.

## Náttúruskólinn í Reykjavík

Fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar mánudaginn 7. nóv. haldinn í Borgartúni.

Mætt voru: Helena, Hafdís, Jóhanna, Aðalheiður, Þórólfur, Jónína og Karen Pálsdóttir frá Vinnuskólanum sem er nýr fulltrúi í hópnun.

Eftirfarandi var rætt:

Nú þarf að huga að nýjum markmiðum fyrir skólann, en áfram verður samgöngumarkmiðið inni, með áherslu á að námskeið skólans verði haldin þar sem hægt er að nota almenningsamgöngur til að komast á staðinn.

Hafdís nefndi strax þá hugmynd að leggja áherslu á lýðheilsu og heilsuefandi áhrif, svo sem göngum í skólann/ hreyfing/ umhyggja/ samskipti/ dans fyrir alla, eitthvað í þessum dúr. Þessi hugmynd var rædd fram og aftur og Helena sá fyrir sér námskeið í Náttúruskólanum sem tengdust lýðheilsu, velliðan, og hollnustu, þetta væri jú þema sem er vinsælt í grunnskólanum og svona námskeið myndu styðja við þennan þátt í skólasterfinu. Ýmsar hugmyndir um efni og umræðupunkta um efnið komu fram

svo sem:

- umhyggja og láta sig aðra varða
- menntun til sjálfbærni
- rétta öðrum, fólki/plöntum hjálparhönd
- umhverfið er lifandi vera sem þarf að hlúa að

Björnslundur var stuttlega ræddur og þá kom fram að þar er oft slæm umgengni og lítil umhyggja borin fyrir trjám og umhverfinu og aldrei mætti gleyma því að við erum gestir í náttúrunni.

Lýðheilsa - markmið vetrarins

Næsti fundur verður í Hálsakoti mánud. 5. desember kl: 15.30

Þangað til eigum við að:

- skoða gátlistann með tilliti til lýðheilsu - hverju þarf að breyta?
- koma með hugmyndir að námskeiðum varðandi lýðheilsu á vorönn
- hugmynd Helenu varandi leikskólana, að fara með nemendum og kennurum þeirra út í náttúruna
- hvað viljum við sjá á svona námskeiðum?

Helena mun senda okkur í tölvupósti Grænfánaskýrslu Náttúruskólans og gátlista til að skoða nánar.

Jónína G. Bjarnadóttir



**Fundur í umhverfisráði Náttúruskólans, 5. desember 2011 kl. 16:00 í Borgartúni 12-14.**

Mættir voru: Helena (fundarstjóri), Jónína, Hafdís, Þórólfur, Jóhanna og Alla (fundarritari).

**Eftirfarandi kom fram á fundinum:**

Farið yfir síðustu fundargerð. Gátlistinn ræddur og ekki var talin þörf á að yfirfara hann.

Rætt var um hvort lýðheilsa hefði verið kynnt í skólum. Hafdís sagði frá hvernig það er í sínum skóla. Helena talaði um sjálfbærni sem felur í sér umhyggju fyrir eigin velferð og annarra. Einnig var farið yfir hvar væri hægt að setja lýðheilsu í gátlistann:

Kynning og menntun – fræðsla á vegum Náttúruskólans taki mið af verkefnum sem eru hverju sinni. Útinám er ein leið í lýðheilsu. Dagskrá fari eftir þörf og eftirspurn.

Helena tók að sér að skrifa bréf til verkefnahóps Grænfána v/gátlista. Það þarf að endurskoða hann. Gátlistinn ætti að taka mið af stefnu Landverndar hverju sinni. Gátlisti Náttúruskólans taki mið af þemu hans sem hann velur sér.

Markmið og þema Náttúruskólans er lýðheilsa – Heilsueflandi útiverkefni, t.d. bjóða upp á námskeið í hláturjoga. Öryggi – gera öryggismat í útinámi. Umhyggja - ?

Dagur vatnsins er 22. mars 2012.

Viðhalda samgöngum – vekja athygli á tengslum útikennslu og heilsueflingu.

- Markmið:
1. Vekja athygli á útikennslu
  2. Leita eftir samstarfi við Lýðheilsustöð.

- Leið:
1. Vekja athygli á degi vatnsins.

Farið aftur yfir fyrri fundargerð.

Námskeiðin komin í strand. Eftirspurn hefur minnkað.

Heimasíðan þyrfti að vera virkari

Helena telur að það virki betur að hún komi í skólana og aðstoði kennara sem og hún hefur reyndar gert.

Önnur mál:

Fjölnota pokar sem fást hjá [disir.is](http://disir.is)

Endurunnar jólagjafir.

Fundi slitið kl. 17:00

Alla



**Fundur í umhverfisnefnd Náttúruskólans, 6. febrúar 2012 kl. 15:30 í Hálsakoti.**

Mættir: Helena (fundarstjóri), Jóhanna, Jónína, Alla, Þórólfur, Hildur og Karen (fundarritari).

Eftirfarandi kom fram á fundinum:

Fundargerð síðasta fundar (5. des. 2011) samþykkt.

Umhverfissáttmáli Náttúruskólans var lesinn yfir og ræddur. Rætt var um að í stað „umhverfismenntar“ væri hægt að segja „menntun til sjálfbærrar þróunar“ en þessu ekki breytt í sáttmálanum að þessu sinni. Að öðru leyti var umhverfissáttmálinn samþykktur.

Umsókn um Grænfána og greinargerð með umsókn skoðuð. Lagt var til að röð markmiða væri breytt þannig að nýjasta markmiðið (fyrir veturinn 2011-2012) væri á undan eldri markmiðum (frá 2010-2011). Athugasemd gerð við umsóknina á síðu Landverndar en þar vantar þemað *landslag*. Umræður um hvernig endurmati og eftirliti væri háttað í Náttúruskólanum að öðru leyti en með gátlistanum. Umhverfisnefnd Náttúruskólans sér að verulegu leyti um mat á starfinu og veitir því öllu aðhald. Einnig voru umræður um taktinn í Náttúruskólanum og hvort hentaði betur að flagga Grænfánanum að sumri eða hausti. Rætt um hvar væri gott að flagga og nefndir voru staðir þar sem Náttúruskólinn er með starfsemi, til dæmis Grasagarðurinn eða grenndarsvæði. Gott þykir að úttekt sé að vori.

Hugmynd kom upp um að Jónína kæmi á námskeið Helenu 24. febrúar í Hálsakoti/Hálsaskógi og „tæki Helenu út“.

Næsti fundur verður 26. mars í Grasagarði og mögulega fuglaleiðsögn með.

Fundi slitið kl. 16:30

Karen

## Fylgiskjal 2 – Gátlisti Náttúruskólans útfylltur í desember 2011.

### Umhverfisgátlisti fyrir Náttúruskóla Reykjavíkur á grænni grein. Ath. skáletranir er áætlun um aðgerðir framundan.

Innkaup /nýtni	Athugasemdir - áætlun um aðgerð og úrbætur	
	JÁ	NEI
Innkaup eru í samráði við umhverfisstefnu Umhverfis- og samgöngusviðs (ISO 14001).	x	
Við innkaup skal haft að leiðarljósi að versla hóflega og þess gætt að keypt vara sé vönduð og endist vel.	x	
Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum.		x Ekki alltaf
Forðast skal að kaupa plasthluti sem innihalda PVC.	x	
Nota skal íslenskan eldivið.	x	
Náttúruskóli Reykjavíkur notar ekki einnota búnað - Þátttakendur á námskeiðum eru hvattir til að taka með eigin drykkjarmál.	x	

Meðhöndlun á rusli	Athugasemdir - áætlun um aðgerð og úrbætur	
	JÁ	NEI
Allt rusl er flokkað samkvæmt umhverfismarkmiðum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur.	x	
Flokkun úrgangs er kynnt nemendum og kennurum á vegum skólans.	x	
Allir þátttakendur í starfi Náttúruskólans taka sinn eigin úrgang með heim og eru hvattir til að endurvinna hann.		x
Utandyra á námskeiðum er lífrænn úrgangur urðaður þar sem það er mögulegt.	x	
Sé það ekki mögulegt er lífrænum úrgangi skilað til Grasagarðs Reykjavíkur til moltugerðar.	x	
Aska er urðuð á kennslusvæði.	x	

Umgengni og nánasta umhverfi	Athugasemdir - áætlun um aðgerð og úrbætur	
	JÁ	NEI
Enginn er á inniskóm úti! - Þeir sem sjá um fræðslu á vegum Náttúruskólans eru til fyrirmyndar í viðeigandi klæðnaði og umgengni við kennslusvæði.	x	
Kennsla á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur fer fram á kennslusvæðum skóla sem flagga grænfána eða hafa sett sér umhverfisstefnu með öðrum hætti.	x	
Nemendur eru hvattir til að koma til fræðslunnar á umhverfisvænan hátt, þ.e. fótgangandi eða hjólandi fremur en á einkabíl.	x	
Þeir sem koma á einkabíl eru hvattir til að samnýta ferðir.	x	
Kennsla á vegum Náttúruskóla Reykjavíkur fer fram á kennslusvæðum sem taka mið að almenningssamgöngum og möguleiki til að nýta sér almenningssamgöngur kynntur í upplýsingapósti fyrir námskeiðsdag.		x Ekki hægt að fullyrða að það hafi alltaf tekist
Nemendum kynnt vernduð og friðuð svæði í nágrenni kennslusvæðis.		x
Allt rusl sem safnast við kennslu er tekið með af kennslusvæði, flokkað og skilað skv. gátlista þessum.	x	

Kynning og menntun	Athugasemdir - áætlun um aðgerð og úrbætur	
	JÁ	NEI
Umhverfisstefna Náttúruskólans sé skýr og aðgengileg á vef Náttúruskólans.	x	
Umhverfisstefna Náttúruskólans er kynnt á námskeiðum á vegum skólans.	x	
Starfsfólk á vegum Náttúruskólans sé upplýst um umhverfisstefnu skólans.	x	
Umhverfisstefna Náttúruskólans fylgi gögnum af námskeiðum sem send eru þátttakendum eða vísað á hlekk á heimasíðu þar sem upplýsingarnar eru aðgengilegar.	x	
Áhersla er lögð á að fræðsla á vegum Náttúruskólans taki mið af áherslum í umhverfisáætlun (grænfánastarfi).		Árið 2012 lýðheilsuáætlun

## Skrefin sjö

Athugasemdir - áætlun  
um aðgerð og úrbætur


	JÁ	NEI	
1. Í Náttúruskóla Reykjavíkur starfar umhverfisnefnd.	x		nóv.11
2. Í Náttúruskóla Reykjavíkur hefur staða umhverfismála verið metin skv. gátlista.	x		nóv.11
3. Gerð hefur verið áætlun um aðgerðir og markmið í umhverfismálum.	x		des.11
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.	x		jan-mar.12
5. Nemendur Náttúruskóla Reykjavíkur og starfsfólk fær fræðslu um umhverfismál.	x		jan-mar.12
6. Náttúruskóli Reykjavíkur kynnir umhverfisstefnu sína út á við og hvetur aðra til þátttöku.	x		sept-mar.12
7. Náttúruskóli Reykjavíkur hefur sett sér umhverfissáttmála.	x		feb. 12

## Fylgiskjal 3 – Sýnishorn af heimasvæði verkefnisins á vef Náttúruskólans.


Náttúruskólinn - Á grænni grein

Forsíða Fréttir Náttúruskólinn Samstarfsaðilar Útgáfa Hafa samband

A A A



**Náttúruskóli**  
Reykjavíkur



**Náttúruskóli Reykjavíkur er á grænni grein!**

Náttúruskóli Reykjavíkur hefur einsett sér að huga að umhverfinu í öllu sínu starfi. Náttúruskólinn komst á græna grein árið 2009. Í júní 2011 var fyrsti grænfáni Náttúruskólans dregin að húni við hátíðlega athöfn í Grassagarði Reykjavíkur. Fáninn var dreginn að húni á fánastöng úr íslenskum viðri, framleidda af Skógærktarfélagi Reykjavíkur.

Hér má lesa um umhverfisnefnd Náttúruskólans og hér má nálgast fundargerðir umhverfisnefndarinnar.


- \* Allt um útinám
- \* Námskeið fyrir kennara
- \* Útistofa í Heiðmörk
- \* Menntun til sjálfbærni
- \* **Á grænni grein**
  - Umhverfissáttmáli
  - Umhverfisnefnd Náttúruskólans
  - Fundargerðir umhverfisnefndar

**Útikennsluskrín**

Veldu námsgrein  
Allar námsgreinar

Veldu aldurstig  
Öll aldurstig

Leita að námsefni



Umhverfisnefnd Náttúruskólans Reykjavíkur dregur fyrsta grænfánann að húni.

